

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á flugþjónustusvæði Keflavíkurflugvallar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti þann 14. desember 2012 breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðis Keflavíkurflugvallar - deiliskipulagssvæði B.

Breytingin nær yfir lóðina Fálkavöllur 2 og felst í því að byggingarreitur er stækkaður og nýtingarhlutfall skilgreint. Innan byggingarreits er heimilt að byggja 1-2 hæða byggingu með hámarks-hæð 9,0 m. Umferðarkvöð er sett á lóðina Fálkavöllur 2, vegna eldsneytisafgreiðslu á Fálkavelli 2a.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 17. desember 2012,

Sigurður H. Ólafsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2013